

varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar  
hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.

Fimmtudaginn 19. nóvember 1981.

Nr. 214/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Þórarni Magnúsi Eldjárnssyni**

(Sveinn Snorrason hrl.).

Hlutdeild, 254. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

Samkvæmt ákæruskjali voru tveir menn ákærðir, en héraðsdómi eingöngu skotið til Hæstaréttar að því er ákærða hér fyrir dómi varðar. Óskaði hann áfrýjunar, en dómi var og áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 var málið flutt í héraði á þeim grundvelli, að brot þau, er ákærða eru gefin að sök í ákæru, gætu varðað við 1. mgr. 155. gr., sbr. 4. mgr. 22. gr. og 254. gr., sbr. 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hér fyrir dómi var málið og flutt með hliðsjón af þessu.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdóms, að gegn neitun ákærða séu hvorki fram komnar fullnægjandi sannanir fyrir því, að honum hafi verið ljóst, er hann veitti tékkanum viðtöku, að nafnritunin Sigurður Björnsson var fölsuð, né að honum hafi þá verið ljóst, að innstæða var ekki til fyrir tékkafjánhæðinni.

Gegn neitun ákærða þykir og varhugavert að telja alveg fullnægjandi sannað, að hann hafi vitað, að nafnritunin Sig-

urður Björnsson var fölsuð aftan á tékkann fyrr en í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur 30. nóvember 1979, er hann kom fyrst fyrir dóm og var birt ákæran. Verður hann því sýknaður af broti gegn 1. mgr. 155. gr., sbr. 4. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Aftur á móti verður að telja sannað, að ákærða hafi hinn 23. nóvember 1978 verið ljóst, að innstæða var ekki til fyrir tékkafjárhæðinni, án þess að láta yfirboðara sína í Verzlunarbanka Íslands h/f um það vita, heldur villa um fyrir starfsmönnum bankans með því að tjá þeim, að hann kannaðist við framseljanda tékkans, Sigurð Björnsson, og hann hefði áður keypt af honum tékka, svo sem um getur í héraðsdómi. Ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi með þessari háttsemi sinni veitt meðákærða í héraði, Jóni Ólafssyni, liðsinni til að halda við ólögmetu ástandi, sem skapast hafði við brot hans. Varðar þessi háttsemi ákærða við 254. gr., sbr. 248. gr. alm. hegningarlaga.

Rétt þykir að staðfesta úrlausn hins áfrýjaða dóms um, að fresta beri ákvörðun um refsingu ákærða og að hún falli niður að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu héraðsdóms, 24. mars 1980, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Héraðsdómur á að vera óraskaður að niðurstöðu til að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Ákærði, Þórarinn Magnús Eldjárnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

## S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar  
og Þórs Vilhjálmssonar.**

Við erum sammála meiri hluta dómenda Hæstaréttar um, að sýkna beri ákærða af ákæru um hlutdeild samkv. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í svika- og skjalfalsafbrotum Jóns Ólafssonar. Einnig erum við sammála meiri hluta dómenda um, að sýkna beri ákærða af ákæru um brot gegn 155. gr., sbr. 4. mgr. 22. gr. laganna.

Þá erum við sammála meiri hluta dómenda um, að sann- að sé, að ákærða hafi verið ljóst eftir samtali sitt við Jón Ólafsson 23. nóvember 1978, að ekki var til næg innstæða fyrir tékka þeim, sem um er fjallað í málinu. Fram er komið, að tékkinn fór til bókuunar í Reiknistofu bankanna, og mátti því yfirmönnum ákærða, stjórnendum Verzlunar- banka Íslands h/f, vera kunnugt um, að innstæða var ónóg, samtímis ákærða eða fyrr sama dag. Að þessu athuguðu verður ekki talið, að ákærði hafi með því að segja yfirmönnum sínum ekki frá vitneskju sinni brotið 254. gr. almennra hegningarlaga. Röng ummæli hans í samtali við yfirmennina 4. desember 1978 um Sigurð Björnsson, sem var sagður hafa framselt tékkann, fela ekki heldur í sér brot gegn þessu lagaákvæði, enda var yfirmönnum ákærða þá orðið ljóst, að innstæða var ónóg, og ummæli ákærða voru ekki til þess fallin að hafa afleiðingar, sem þýðingu hafa eftir lagagreininni.

Samkvæmt þessu teljum við, að sýkna beri ákærða í máli þessu og dæma rikissjóð til að greiða hálfan sakarkostnað í héraði, annan en málsvarnarlaun, á móti meðákærða Jóni Ólafssyni svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögsmanns, samtals 3.600.00 krónur.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. mars 1980.**

Ár 1980, mánudaginn 24. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 192—

193/1980: Ákærvaldið gegn Jóni Ólafssyni og Þórarni Magnúsi Eldjárnssyni, sem tekið var til dóms 18. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. mars 1979, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Jóni Ólafssyni verslunarmanni, Hraunbæ 162, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. maí 1947, og Þórarni Magnúsi Eldjárnssyni, Ljósheimum 22, Reykjavík, fæddum 6. maí 1956 á Siglufirði.

Gegn ákærða Jóni Ólafssyni er málið höfðað fyrir að falska nafnið Sigurður Björnsson sem framseljanda á tékka að fjárhæð kr. 3.550.000, sem hann hafði gefið út f. h. Óðinstorgs hf. á reikning nr. 6432 í Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, með útgáfudegi 22. nóvember 1978, en þann dag fékk ákærði síðan meðákærða Þórarin Magnús, sem var gjaldkeri í útibúi Verzlunarbanka Íslands hf. í Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík, til að kaupa tékkann af hálfu bankans, þrátt fyrir að engin innstæða var fyrir hendi á reikningi Óðinstorgs hf. í Alþýðubankanum.

Gegn ákærða Þórarni Magnúsi Eldjárnssyni er málið höfðað fyrir að kaupa framangreindan tékka af hálfu Verzlunarbankans, þrátt fyrir að honum var kunnugt um nafnfölsun á honum og innstæðuleysi á reikningi útgefanda.

Telst verknaður ákærða Jóns Ólafssonar varða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaður ákærða Þórarins Magnúsar Eldjárnssonar við sömu lagagreinar, sbr. 22. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða Jóns hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1964 23/9 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1976 21/4 Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot á 10., sbr. 20. gr. laga nr. 54/1960.

1976 29/6 Reykjavík: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 10., sbr. 20. gr. laga nr. 54/1960.

1976 10/12 Reykjavík: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 10., sbr. 20. gr. laga nr. 54/1960.

Ákærði Þórarinn Magnús hefur hvorki sætt ákæru né refsingu skv. vottorði frá sakaskrá.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi Verzlunarbanka Íslands h/f, dagsettu 5. desember 1978, undirrituðu af Hafsteini Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni,

til rannsóknarlögreglu ríkisins var þess farið á leit, að rannsókn yrði látin fara fram varðandi meint ávísanamisferli. Segir á þessa leið í bréfinu um málsatvik:

„Þann 22. nóvember s.l. kom maður, sem kallaði og skrifaði sig Sigurður Björnsson, í útibú bankans í Umferðarmiðstöðinni og óskaði eftir, að gjaldkerinn Þórarinn M. Eldjárnsson, nano. 9408—3338, nú til heimilis að Ljósheimum 22, hér í borg, sími 32828, keypti af sér ávísun, sbr. hjálagt staðfest ljósrit, útg. af Óðinstorgi h.f. Jóni Ólafssyni (s. 11811) að upphæð kr. 3.550.000.- á reikn. nr. 6432 við Alþýðubankann h.f. þann 22/11/78 til handhafa.

Gjaldkerinn, sem nú hefir verið vikið frá störfum, greiddi ávísunina út, eftir að Sigurður Björnsson hafði framselt hana.

Ekki er með öllu ljóst, hver „Sigurður Björnsson“ er, en gjaldkerinn sagðist „kannast við hann“.

Jón Ólafsson, sá er ávísunina gaf út, var beðinn um að koma í bankann í gær, en kom ekki, en kom svo í morgun, er undirritaður krafðist þess. Lofaði Jón að greiða ávísunina í dag, ef hann gæti. Var honum tjáð, að farið yrði út í löghaldsaðgerðir strax á morgun, ef ekki yrði greitt, og þess vegna þarf bankinn að hafa undir höndum frumrit ávísunarinnar.

Aðspurður um, hver Sigurður Björnsson væri, svaraði Jón Ólafsson — „að hann væri okurlánari, sem helst væri að hitta á förnum vegi“. Hefði hann fengið fé að láni hjá Sigurði Björnssyni fyrir þó nokkru og látið hann hafa ávísunina sem tryggingu og hefði hún verið dagsett fram í tímann. —

Virðist því vera, að Sigurður Björnsson hafi fyrst farið með hana í banka þ. 22/11 s.l., sem er dags. ávísunarinnar, sennilega fullviss um, að innistæða væri ekki fyrir hendi, og því ekki farið í Alþýðubankann h.f., heldur í útibúið í Umferðarmiðstöðinni vegna mögulegs kunningsskapar við gjaldkerann, en um þann þátt málsins ríkir óvissa.

Hins vegar er ljóst, að gjaldkerinn, Þórarinn M. Eldjárnsson, braut fastar reglur bankans með innlausn á ávísun þessari, þar sem hann kynnti sér ekki, hvort innistæða væri fyrir ávísuninni í Alþýðubankanum h.f., auk þess sem hann greiddi hana út í peningum, sem honum var óheimilt með öllu.

Teljum við, að nauðsyn sé á að komast að raun um, hver Sigurður Björnsson sé, því hann virðist hafa haft óeðlilega góðan aðgang að gjaldkeranum.“

Á bréfinu er áritun um, að heildarkrafa Verzlunarbankans sé

kr. 3.883.000. Greitt hafi verið inn á kröfuna 5. desember kr. 1.365.000 og 6. desember kr. 1.000.000.

Hinn 12. desember sama ár ritaði Verzlunarbankinn rannsóknarlögreglunni annað bréf í tilefni af framangreindri kæru, og segir þar á þessa leið:

„Samkvæmt kröfu yðar afhendum við yður hér með ávísun útg. 22. nóvember 1978 af Jóni Ólafssyni f. h. Óðinstorgs h.f., að fjárhæð kr. 3.550.000, á reikn. nr. 6432 við Alþýðubankann h.f., en no. ávísunarinnar er 0160528, útgefin til handhafa, en framseld af Sigurði Björnssyni.

Á bakhlið ávísunarinnar hefir Alþýðubankinn sett tvo stimpla, annan um lokun reikningsins þ. 18/11/78, en hinn um, að tékkinn hafi verið sýndur þ. 22/11/78 og þá ekki næg innistæða fyrir upphæð hans.

Að öðru leyti vísast til bréfs vors, dags. 5. desember s.l., þar sem óskað er rannsóknar á viðskiptum gjaldkera þess, sem keypti ávísunina, og Sigurðar Björnssonar, sem talinn var þá að hafi framselt hana.“

Á bakhlið framangreindrar ávísunar er stimpill Alþýðubanka Íslands h/f með áritun um, að hún hafi verið sýnd í bankanum 22/11 1978, en innstæða þá ekki verið næg. Þar er og stimpill bankans um, að reikningi þeim, sem ávísunin er gefin út á, hafi verið lokað 18/11 1978. Loks er á ávísuninni stimpill Verzlunarbans um millifærslu 28. nóvember og númerið 710.

Ákærði Jón Ólafsson mætti til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 7. desember 1978. Var honum sýnt ljósrit framangreindrar ávísunar. Hann sagðist þekkja þessa ávísun. Hafi hann gefið hana út, að hann haldi 5. nóvember það ár. Hann hefði afhent Sigurði Björnssyni ávísunina sem tryggingu fyrir láni, sem hann fékk hjá honum. Ávísunina dagsetti hann fram í tímann, eða þann 22. nóvember 1978. Þegar hann afhenti Sigurði ávísunina, hafi samist svo um milli þeirra, að hann hefði samband við sig þann 22. nóvember, en þá átti að athuga, hvort hann gæti greitt ávísunina upp eða eitthvað inn á hana, en hún hefði aldrei átt að fara í banka. Ákærði kvað Sigurð ekki hafa haft samband við sig, eins og um hefði verið samið, en þann 23. nóvember hafði Alþýðubankinn samband við hann og tjáði honum, að þessi ávísun væri komin inn og ekki væri til fyrir henni. Jafnframt var honum tilkynnt, að ávísunin yrði endursend í Verzlunarbanka Íslands, þar sem hún hafði verið innleyst, og að reikningi hans hefði verið lokað.

Sigurð kvaðst ákærði ekki þekkja neitt og hefði aldrei séð hann fyrr en hann kom til hans í verslunina Casanova þann 6. nóvember og bauð honum peningalán, en Sigurður hafi sennilega heyrt á ákærða, að hann væri í vandræðum með að leysa út vörur.

Það var nokkru fyrir 6. nóvember, að sögn ákærða, sem Sigurður kom og bauð honum þetta lán, en það hafi verið þann 6. nóvember, sem lántakan fór fram. Sigurður afhenti ákærða peningana í reiðufé, en ákærði vildi ekki nefna þá upphæð, sem hann hefði fengið að láni hjá honum. Eins og áður sagði, kvaðst ákærði ekkert þekkja Sigurð. Hann hafi ekki séð hann síðan og viti ekkert, hvar hann eigi heima. Ákærði kvað Sigurð vera 40 til 50 ára, dökkskolhærðan, ekki með skalla, og hann var klæddur í stakan jakka og terelynbuxur.

Ákærði var spurður að því, hvort hann væri kunnugur meðákærða, Þórarni Magnúsi Eldjárnssyni, bankastarfsmanni hjá Verzlunarbanka Íslands, og jafnframt, hvort hann og Þórarinn Magnús hefðu átt í nokkrum viðskiptum. Ákærði kvaðst kannast við meðákærða fyrir milligöngu starfsmanns, sem vann hjá honum, og hefði meðákærði stöku sinnum verslað hjá ákærða, en að öðru leyti væri hann ekki kunnugur honum.

Ákærði Jón skýrði frá því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni síðar sama dag, að framangreind skýrsla sín væri að mestu leyti röng. Hann kvaðst hafa verið í mikilli fjárþröng 22. nóvember 1978, en til stóð, að hann fengi lán hjá viðskiptabanka sínum og annars staðar. Vantaði hann þennan dag peninga til að leysa út vörur og greiða skuldir, sem voru komnar í gjalddaga. Seinni partinn þennan dag fór hann í útibú Verzlunarbankans í Umferðarmiðstöðinni, þar sem hann ræddi við meðákærða, Þórarin Magnús Eldjárnsson gjaldkera, sem hann kannast vel við, og bað hann að kaupa af sér framangreinda ávísun að upphæð kr. 3.550.000.

Ákærði skýrði meðákærða frá því, að ekki væri til innstæða fyrir ávísuninni sem stæði, en hún yrði fyrir hendi, þegar ávísunin kæmi í bankann. Meðákærði féllst á að gera þetta, eftir að ákærði hafði lagt að honum í nokkurn tíma. Ákærði skrifaði ávísunina á staðnum og framseldi hana einnig með nafninu Sigurður Björnsson, en það var gert í þeim tilgangi að láta líta svo út sem ákærði hefði ekki framselt ávísunina. Ákærði fékk síðan meðákærða ávísunina, og spurði hann ákærða þá að því, af hverju hann skrifaði nafnið Sigurður Björnsson á hana.

Ákærði sagði honum þá, að hann gerði það, til að ekki kæmi fram í Alþýðubankanum, að hann hefði framselt hana. Meðákærði lét þessa skýringu nægja og greiddi ákærða út upphæð ávísunarinnar. Þegar ákærði gaf út ávísunina, var honum ekki kunnugt um, að búið var að loka reikningi hans við Alþýðubankann, en hann komst að því í bréfi nokkru á eftir, að reikningnum hafði verið lokað þann 18. nóvember. Ákærði kveðst vilja geta þess, að meðákærði hafi enga greiðslu fengið fyrir að gera þetta fyrir hann, en hann hafði í huga að gefa meðákærða góðan afslátt, ef hann verslaði við ákærða.

Í niðurlagi skýrslu sinnar segir ákærði, að hann hafi nú skýrt satt og rétt frá og ekkert undan dregið.

Ákærði Þórarinn Magnús Eldjárnsson, fyrrverandi starfsmaður Verzlunarbanka Íslands h/f, skýrði frá því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 7. desember 1978, að hann hefði keypt framangreinda ávísun af meðákærða að kvöldi miðvikudagsins 22. nóvember 1978. Ákærði kveður meðákærða hafa komið til sín í bankaafgreiðsluna í Umferðarmiðstöðinni og beðið sig um að kaupa þessa ávísun af sér. Sagði hann ávísunina „pottþétta“, eins og hann orðaði það, en átti þá við, að hún eða tékkafjánhæðin stæði fyrir sínu á reikningnum. Ákærði hafnaði því í fyrstu að kaupa ávísunina af meðákærða, en reyndi síðan að ná sambandi við afgreiðslu Alþýðubankans. Það tókst ekki, og lét hann tilleiðast að kaupa ávísunina. Ákærði sá, að ávísunin bar framsal með nafninu Sigurður Björnsson, og benti meðákærða á að framselja hana með eigin nafni, en hann kom sér hjá að gera það. Ákærði kveður klukkuna hafa verið um 1815—1820, þegar þessi viðskipti fóru fram, en þegar hann lokaði afgreiðslunni kl. 1830, sendi hann ávísunina til bókuar í aðalbankann eins og aðrar ávísanir. Daginn eftir, eða fimmtudaginn 23. nóvember, var hann í fríi og var það fram til þriðjudagsins 28. sama mánaðar, en mætti þá aftur til starfa.

Fimmtudaginn 23. nóvember hringdi meðákærði til ákærða og skýrði honum frá því, að hringt hefði verið til hans úr Alþýðubankanum og að vantað hefði stimpil bankans á ávísunina, sem ákærði hafði keypt kvöldið áður í bankaafgreiðslunni.

Ákærði kveðst vilja í þessu sambandi geta þess, að það hafi stundum komið fyrir, að hann gleymdi að stimpla keypta ávísun í afgreiðslunni, og voru þær þá endursendar til stimplunar.

Í framhaldi af samtali ákærða við meðákærða þennan dag tók meðákærði það fram við ákærða, að ef hann yrði spurður

um, hver þessi Sigurður Björnsson væri, sem áritaður var sem framseljandi tékkans (svo), ætti hann að segja hann vera framseljandann, en ekki ákærða sjálfan.

Mánudaginn 4. desember eftir lokun bankaafgreiðslunnar við Umferðarmiðstöðina komu yfirmenn Verzlunarbankans til ákærða og spurðu hann um Sigurð Björnsson. Ákærði sagði, að hann vissi, hver hann væri, en ekkert meira. Ákærða var sagt upp störfum hjá Verzlunarbankanum frá og með þessum degi.

Ákærði kveðst hafa kynnst meðákærða fyrir milligöngu fyrrverandi starfsmanns í versluninni Casanova og hafa lítilliga átt í fjármálalegum viðskiptum við hann, svo sem að ákærði lánaði honum þrjú tékkaeyðublöð úr tékkhefti sínu, sem hann hafði á reikning nr. 17035 í Samvinnubankanum. Man hann, að einn tékkinn var áritaður til tollstjórans í Reykjavík, en ekki man hann, hvert hinir tékkarnir fóru, nema hvað hann gaf þá út. Ávísunin, sem seld var hjá tollstjóranum, var að fjárhæð kr. 495.000, og átti ákærði ekki inni fyrir henni. Fór hann á þessum tíma til Spánar í sumarfrí, og var hugmyndin, að meðákærði Jón legði peninga inn á þennan reikning í Samvinnubankanum á móti úttektinni.

Þegar hann kom frá Spáni, kom í ljós, að búið var að loka reikningnum vegna yfirdráttar, eingöngu fyrir vanskil meðákærða. Þá kvaðst ákærði vilja geta þess, að meðákærði hafi gerst útgefandi á fimm víxlum, samtals að fjárhæð kr. 100.000, sumarið 1978. Víxlar þessir, sem voru seldir Útsýn, voru gefnir út í sambandi við ferð ákærða til Spánar. Ákærði tók fram, að hann hefði ekkert fengið í aðra hönd frá meðákærða vegna kaupanna á umræddum tækka að fjárhæð kr. 3.550.000.

Ákærði Jón Ólafsson kom fyrir dóm 30. nóvember sl. Ákærði skýrði frá því, að hann hefði verið í mikilli fjárþröng seinni hluta nóvember 1978, en til stóð, að hann fengi lán hjá viðskiptabanka sínum og annars staðar.

Ákærði kveður sig hafa vantað peninga framangreinda daga til að leysa út vörur og greiða skuldir, sem voru fallnar í gjald-daga. Seinni hluta dags hinn 22. nóvember 1978 kveðst hann hafa farið í útibú Verzlunarbanka Íslands í Umferðarmiðstöðinni og hitt að máli meðákærða, Þórarín Magnús Eldjárnsson, sem ákærði kannaðist við. Ákærði bað meðákærða að kaupa af sér ávísun að fjárhæð kr. 3.550.000. Ákærði sagði meðákærða, að ekki væri til innstæða fyrir ávísuninni sem stæði, en innstæða yrði fyrir hendi, þegar ávísunin kæmi í bankann. Með-

ákærði var tregur til að kaupa ávísunina, en lét tilleiðast fyrir þrábeiðni ákærða.

Ákærði kveðst hafa skrifað ávísun þá, er að framan greinir. Ákærði sá ávísunina í dóminum og kannaðist við nafnritun sína á henni f. h. Óðinstorgs h/f. Ávísunin var að fjárhæð kr. 3.550.000, gefin út hinn 22. nóvember 1978 til handhafa, á hlaupareikning nr. 6432 við Alþýðubankann h/f. Ákærði ritaði og framsalið Sigurður Björnsson á ávísunina, og er það nafn tilbúið. Ákærði kveðst hafa gert þetta í því skyni, að svo liti út sem hann hefði ekki framselt ávísunina sjálfur. Meðákærði spurði ákærða, hvernig á þessu stæði, og sagði ákærði honum ástæðuna.

Hlaupareikningi Óðinstorgs h/f nr. 6432 við Alþýðubankann h/f var lokað 18. nóvember 1978, en ákærði kveðst ekki hafa komist að því, fyrr en eftir að hann hafði selt ávísunina.

Ákærði kveður meðákærða enga greiðslu hafa fengið frá sér fyrir að kaupa ávísunina, en ákærði hafði í huga að veita honum riflegan afslátt, ef hann verslaði við sig síðar.

Ákærði kveðst hafa greitt framangreinda ávísun að fullu ásamt vöxtum og kostnaði, svo sem bréf Verzlunarbanka frá 3. janúar 1979 beri með sér. Hafði greiðslan verið innt af hendi fyrir 15. desember 1978.

Ákærði las skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglunni frá 7. desember 1978 og kvaðst staðfesta hana.

Ákærði Þórarinn Magnús Eldjárnsson kom fyrir dóm sama dag og meðákærði Jón. Ákærða var sýnt í dóminum ljósrit af tékka nr. 0160528, að fjárhæð kr. 3.550.000, útgefnum á hlaupareikning nr. 6432 við Alþýðubankann h/f 22. nóvember 1978 af Jóni Ólafssyni f. h. Óðinstorgs h/f. Tékkinn er út gefinn til handhafa og nafn framseljanda Sigurður Björnsson.

Ákærði kvaðst kannast við tékka þennan. Hefði hann keypt tékkann af meðákærða Jóni Ólafssyni, þegar ákærði var gjaldkeri í afgreiðslu Verzlunarbanka Íslands í Umferðarmiðstöðinni.

Ákærði kveður meðákærða hafa komið framangreindan dag í bankaafgreiðsluna og beðið sig að kaupa tékkann. Ákærði vildi ekki veita tékkanum viðtöku fyrst í stað, en meðákærði sagði, að hann væri „pottþéttur“. Lagði ákærði þann skilning í þetta, að næg innstæða væri fyrir honum. Ákærði kveðst hafa reynt að ná sambandi við afgreiðslu Alþýðubankans til að kanna, hvort næg innstæða væri til fyrir tékkanum, en ekki tekist það og

láið tilleiðast að kaupa tékkann. Ákærði kveðst ekki hafa lítið á bakhlið tékkans, fyrr en meðákærði var um það bil að fara á brott úr afgreiðslunni. Kallaði ákærði þá á eftir honum, að hann vildi tala við hann, en meðákærði fór á brott án þess að ræða nánar við ákærða. Ákærði kveður tékkann að öllu leyti hafa verið út fylltan, þegar meðákærði kom með hann. Ákærði kveðst ekki vita um, hvenær meðákærði ritaði framsalið Sigurður Björnsson á tékkann. Hann hafi ekki séð, hvort meðákærði gerði það í afgreiðslunni. Ákærði sá fyrst framsalið, þegar hann ætlaði að stimpla tékkann og meðákærði var um það bil að hverfa á brott úr afgreiðslunni. Ákærði kveður umrædd viðskipti hafa farið fram á milli kl. 1815 og 1820, en bankaafgreiðslunni var lokað kl. 1830. Sendi ákærði þá tékkann til bókonar í aðalbankann svo sem aðra tékka. Ákærði tekur fram í þessu sambandi, að það hafi stundum komið fyrir, að hann gleymdi að stimpla tékka í afgreiðslunni. Voru þeir þá endursendir til stimplunar.

Ákærði kveðst hafa farið í frí daginn eftir, hinn 23. nóvember, og verið í frii til 28. sama mánaðar, en þá mætt aftur til starfa.

Ákærði man ekki, hvort meðákærði hringdi til hans daginn eftir, hinn 23. nóvember, en hann man eftir því, að hann hafði tal af ákærða daginn eftir. Ekki man ákærði eftir, að meðákærði minntist á það, að hringt hefði verið til sín úr Alþýðubankanum og sagt, að stimpil vantaði á tékkann. Ákærði kveðst lítið muna eftir samtali þessu og ekki geta sagt um, hvað þeim fór á milli, en þó megi þetta vel vera.

Mánudaginn 4. desember komu yfirmenn Verzlunarbans í afgreiðsluna til ákærða nokkru fyrir lokun. Spurðu þeir ákærða, hver Sigurður Björnsson væri, en ákærði sagðist ekki vita það. Var það mál ekki rætt nánar. Ákærða var sagt upp störfum í Verzlunarbbankanum frá og með 4. desember 1978 vegna framangreinds máls.

Ákærða var bent á misræmið, sem er í skýrslu hans nú og skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu 7. desember 1978, en þar er m. a. eftirfarandi bókað:

„Ég sá, að tékkinn bar framsal með nafninu Sigurður Björnsson, og benti Jóni á að framselja með sínu nafni, sem hann kom sér hjá að gera“.

„Í framhaldi af samtali mínu við Jón þennan dag (þ. e. 23/11 1978) þá tók Jón það fram við mig, að ef ég yrði spurður um,

hver þessi Sigurður Björnsson væri, sem áritaður var sem framseljandi tékkans, þá ætti ég að segja hann vera framseljanda tékkans, en ekki Jón sjálfan“.

Ákærði var beðinn að gefa skýringu á þessu. Ákærði kveðst vísa til framburðar síns hér að framan, sem hann sagði vera réttan í öllum atriðum, en aðra skýringu kunni hann ekki á þessu. Hann tók fram, að hann hefði verið miður sín, þegar skýrsla rannsóknarlögreglu var lesin upp fyrir honum og hann átti að undirrita hana, og þetta orðalag farið fram hjá sér.

Ákærði kveðst hafa trúað orðum meðákærða um, að næg innstæða væri til fyrir tékkanum, er hann keypti hann. Hann kveðst ekki hafa vitað um nafnritunina Sigurður Björnsson fyrr en eftir á, svo sem í framburði hans greinir.

Ákærða var kynntur framburður meðákærða. Hann kvaðst mótmæla framburðinum að svo miklu leyti sem hann færi í bága við framburð sinn.

Ákærði óskaði bókað, að meðákærði hefði sagt, þegar hann kom með ávísunina, að hún væri „pottþétt“, og bað hann ákærða um að skipta henni, þar sem búið væri að loka Alþýðubankanum, en klukkan var þá orðin 1815—1820, eins og áður greinir.

Ákærðu komu aftur fyrir dóm 12. desember sl. og voru þá samprófaðir að beiðni Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Þórarins Magnúsar Eldjárnssonar. Verjendur ákærðu mættu báðir í þinghaldi þessu.

Ákærði Jón tók fram, að það væri ekki rétt, sem segir í framburði hans frá 30. nóvember sl., að hann hefði sagt meðákærða Þórnari Magnúsi, að ekki væri til innstæða fyrir ávísuninni sem stæði, en innstæða yrði fyrir hendi, þegar ávísunin kæmi í bankann. Ákærði sagði nú, að hann hefði sagt meðákærða, að ávísunin væri góð, þ. e. að næg innstæða væri fyrir hendi á reikningi hans. Ákærði gaf þá skýringu á þessu, að um misminni eða mis-skilning hjá sér væri að ræða. Ákærði var spurður um það að beiðni verjanda síns, hvort hann hefði orðið þess var, að meðákærði færi í síma og hringdi. Ákærði kveðst hafa orðið var við það, að meðákærði fór baka til og hringdi. Ákærði heyrði ekki, hvað hann sagði í símann, og vissi ekki, hvert hann var að hringja. Ákærði kveðst hafa útfyllt ávísunina í kaffistofu í Umferðarmiðstöðinni, áður en hann kom inn í afgreiðslu Verzlunarbancans. Hins vegar man hann ekki, hvar hann ritaði nafnið Sigurður Björnsson á hana. Ákærði var spurður um, hvort meðákærði hefði verið viðstaddur, er hann ritaði nafnið Sigurður

Björnsson á ávísunina. Hann svaraði því neitandi. Ákærði kveður sig minna, að meðákærði hafi spurt um nafnritunina Sigurður Björnsson, en getur ekki nánar sagt um það.

Ákærði var spurður um, hvort eftirfarandi væri rétt í framburði hans í dómi frá 30. nóvember sl.:

„Ákærði ritaði og framsalið Sigurður Björnsson á ávísunina, og er það nafn tilbúið. Ákærði kveðst hafa gert þetta í því skyni, að svo liti út sem hann hefði ekki framselt ávísunina sjálfur. Meðákærði spurði ákærða, hvernig á þessu stæði, og sagði ákærði honum ástæðuna“.

Svar ákærða var á þessa leið: „Já, það er rétt, að ég ritaði nafnið Sigurður Björnsson á ávísunina og að það nafn er tilbúið. Það átti að líta þannig út sem ég hefði ekki framselt ávísunina. Ég man ekki eftir að hafa gefið neina sérstaka ástæðu fyrir þessu“.

Verjandi ákærða Jóns spurði, hvort þetta hefði komið til tals milli ákærðu daginn eftir, þegar þeir töluðu saman. Ákærði svaraði því neitandi og sagðist ekki halda það.

Verjandi ákærða Þórarins Magnúsar spurði, hvort ákærði Jón minntist þess, að meðákærði Þórarinn Magnús kallaði á eftir honum, um það bil sem hann var að ganga út úr afgreiðslunni eftir að hafa selt ávísunina, og svaraði ákærði því neitandi.

Ákærði Þórarinn Magnús óskaði bókað, að hann hefði spurt meðákærða eftir því daginn eftir að hann keypti ávísunina eða daginn þar á eftir, hvernig á nafnrituninni Sigurður Björnsson á henni stæði, en þar væri ekki hans eigið framsal. Sagði ákærði Jón, að hann hefði gert þetta í því skyni, að framsal hans sjálfs sæist ekki í Alþýðubankanum.

Vitnið Magnús Magnúson rannóknarlögreglumaður hefur mætt í dómi.

Vitnið kveðst hafa tekið skýrslu af ákærða Þórnari Magnúsi Eldjárnssyni 7. desember 1978 og verið vottur, er skýrsla var tekin af ákærða Jóni Ólafssyni sama dag. Ákærðu skýrðu frá, eins og í skýrslunum greinir. Skýrslurnar voru síðan lesnar í heyranda hljóði, og sögðu ákærðu þær réttar. Þeir undirrituðu þær síðan því til staðfestingar.

Vitnið Björgúlfur Bachmann, aðalféhirðir Verzlunarbanka Íslands h/f, til heimilis að Þverbrekku 4, Kópavogi, mætti fyrir dómi 14. desember sl.

Vitninu var tjáð tilefni yfirheyrslunnar. Vitnið sá framan-

greindan tékka í dóminum. Vitnið skýrði frá því, að þar sem enginn stimpill væri á tékkanum um það, hvenær hann hefði verið innleystur hjá Verzlunarbanka Íslands h/f, sé ekki hægt að sjá, hvenær það hafi verið. Vitnið kveður alla tékka, sem inn koma í banka, vera senda sama kvöld til Reiknistofu bankanna. Þar hafi komið í ljós, að næg innstæða var ekki til fyrir tékkanum, sbr. stimpil Alþýðubankans h/f 22. nóvember 1978.

Vitnið kveður það almenn fyrirmæli til gjaldkera Verzlunarbanka Íslands h/f að kaupa ekki tékka á aðra banka, nema þeir geti algerlega treyst því, að næg innstæða sé fyrir hendi, svo sem þegar um er að ræða tékka frá opinberum stofnunum.

Þegar í ljós kom, að næg innstæða var ekki fyrir tékka þeim, sem ákærði Jón Ólafsson hafði gefið út f. h. Óðinstorgs h/f, að fjárhæð kr. 3.550.000, hafi málið verið rætt við féhirði í afgreiðslu Verzlunarbanks í Umferðarmiðstöðinni, ákærða Þórarin Magnús Eldjárnsson, og hann spurður um tékkann. Ákærði viðurkenndi strax að hafa keypt tékkann. Ákærði var spurður um, hvers vegna hann hefði keypt tékkann, og gaf hann enga viðhlítandi skýringu á því. Hann var og spurður, hvort hann kannaðist við Sigurð Björnsson, en það nafn var ritað sem framsal á tékkann, og sagði hann svo vera. Hann var nánar spurður um mann þennan og þar á meðal, hvort hann kæmi þarna í viðskiptaerindum. Hann sagði, að það væri ekki, en einungis, að hann kannaðist við manninn.

Vitnið var spurt um frí það, er Þórarinn segist hafa farið í þann 23. nóvember 1978. Vitnið kveðst ekki hafa vitað um frí þetta eða af hvaða tilefni það hafi verið.

Vitnið tók fram, að bréf Verzlunarbanka Íslands h/f til rannsóknarlögreglunnar sé dagsett 5. desember 1978 og sé því nær að halda, að ekki hafi komið í ljós um innstæðuleysi tékkans fyrr en fyrstu dagana í desember. Kveðst vitnið hafa látið Hafstein Sigurðsson, lögfræðing bankans, vita um tékkann strax daginn eftir og þetta komst upp og hafi Hafsteinn skrifað bréfið til rannsóknarlögreglu ríkisins.

Í bréfi Verzlunarbanka Íslands h/f frá 5. desember 1978 segir: „Gjaldkerinn, sem nú hefur vikið frá störfum, greiddi ávísunina út, eftir að Sigurður Björnsson hafði framselt hana“.

Vitnið man ekki eftir, að það hafi verið rætt sérstaklega við Þórarin Magnús, hvenær Sigurður Björnsson hefði ritað framsal á tékkann, þ. e. hvort það hefði verið í viðurvist hans eða ekki. Það kom hins vegar aldrei annað til tals en að maður þessi

hefði komið í bankann og selt tékkann. Hvarflaði ekki í upphafi annað að vitninu en þetta væri rétt.

Vitnið Hafsteinn Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Mímisvegi 4 hér í borg, lögfræðingur Verzlunarbanka Íslands h/f, kom fyrir dóm sama dag og framangreint vitni.

Vitnið sá bréf þau, er það ritaði fyrir hönd Verzlunarbanka Íslands h/f, dagsett 5. desember og 12. desember 1978, til rannsóknarlögreglu ríkisins, og kvaðst það staðfesta þau.

Vitnið skýrði frá því, að Björgúlfur Bachmann hefði látið sig vita um tékka þann, er greinir í bréfi þess, daginn áður en það skrifaði bréfið, eða 4. desember 1978. Vitnið hafði strax samband við ákærða Jón Ólafsson, útgefanda tékkans, og lofaði hann að koma í bankann til viðtals sama dag. Hann gerði það ekki, en kom daginn eftir, eða 5. desember, og skýrði þá frá því, hver Sigurður Björnsson væri, svo sem greinir frá í bréfi vitnisins.

Vitnið ræddi aldrei sjálfst við ákærða Þórarin Magnús Eldjárnsson, en féllst á, að honum yrði vikið frá störfum, eftir að í ljós kom, að hann hafði keypt tékkann. Vitnið kveður ákærða Þórarin Magnús hafa brotið tvær starfsreglur, sem honum höfðu verið settar varðandi kaup á tékkum, þ. e. að kynna sér, hvort næg innstæða væri til fyrir hendi, áður en hann keypti tékkann, og eins að geta ekki gert næga grein fyrir, hver framseljandinn væri.

Vitnið kveður Björgúlf Bachmann, aðalféhirði bankans, og Indriða aðstoðaraðalféhirði hafa rætt við Þórarin Magnús. Kveður vitnið það, er haft er eftir ákærða Þórnari Magnúsi í bréfi þess, frá þeim komið.

Vitnið Indriði Jóhannsson, deildarstjóri í Verzlunarbanka Íslands h/f, Kleppsvegi 126, hefur skýrt frá því, að tékki sá, er greinir í kæru Verzlunarbanka Íslands frá 5. desember 1978 hafi borist til Verzlunarbankans frá Alþýðubankanum h/f í endaðan nóvember 1978. Vantaði á tékkann bankastimpil, og var bætt úr því með stimplun 28. nóvember 1978 í aðalbanka og númerið 710 sett í stimpilinn, en það er númer í afgreiðslu Verzlunarbankans í Umferðarmiðstöðinni.

Tékkinn hafði reynst innstæðulaus, svo sem stimpill Alþýðubankans ber með sér. Vitnið hafði samband við gjaldkerann í afgreiðslu Verzlunarbankans í Umferðarmiðstöðinni, ákærða Þórarin Magnús Eldjárnsson. Var hann þá nýkominn úr eftirstöðvum af sumarfríi, sem hann hafði farið í 23. nóvember. Vitn-

ið kveðst ekki hafa vitað á þessu stigi málsins, hve málið var alvarlegt, og minnir, að það hafi beðið ákærða að hafa samband annað hvort við útgefanda eða framseljanda tékkans og biðja þá að greiða tékkann, þar sem hann væri án nægrar innstæðu. Lofaði ákærði að gera þetta. Vitnið man ekki, hvenær það hafði samband við Þórarin Magnús næst, en síðasti starfsdagur hans í bankaafgreiðslunni var 1. desember 1978 skv. gögn-um Verzlunarbankans. Gerði vitnið þá upp sjóðinn hjá honum. Vitnið ræddi ekki við ákærða um kaup hans á framangreindum tékka og uppsögn hans úr starfi í því sambandi, heldur voru það þeir Björgúlfur Bachmann aðalféhirðir og Árni H. Bjarnason skrifstofustjóri. Vitnið heyrði eitthvað af samtalinu við ákærða, en man ekk nákvæmlega um, hvernig orð féllu. Vitnið man, að rætt var við ákærða um framsalið Sigurður Björnsson á tékkanum. Man það, að ákærði sagði, að hann kannaðist við mann þennan, og tók vitnið það þannig, að maður þessi hefði komið í bankann og átt þar viðskipti. Vitnið ræddi aldrei mál þetta við ákærða Jón Ólafsson.

Vitnið Árni H. Bjarnason, skrifstofustjóri Verzlunarbanka Íslands h/f, Brúnastekk 6 hér í borg, hefur mætt í dómi.

Vitnið sá framangreindan tékka.

Vitnið kvað upphaf þessa máls hafa verið það, að tékkinn hefði verið sendur frá Alþýðubankanum til Verzlunarbanka Íslands h/f vegna þess, að gjaldkerastimpil vantaði á hann. Úr því var bætt og tékkinn stimplaður í aðalbankanum til að tefja ekki málið, sbr. stimpillinn frá 28. nóvember 1978. Í stimplinum á þó ekki að standa millifærsla, enda er ekki um slíkt að ræða. Vitnið man ekki, hvort stimpillinn um innstæðuleysi var kominn á tékkann. Tékkinn var síðan sendur til Alþýðubankans, en síðan aftur til Verzlunarbankans með áritun um lokun hlaupareiknings Óðinstorgs h/f nr. 6432. Var nú haft samband við ákærða Þórarin Magnús Eldjárnsson. Fóru vitnið, Björgúlfur Bachmann og Indriði Jóhannsson til hans í afgreiðsluna í Umferðarmiðstöðinni. Var þetta undir lokun, og sjóðstalning gerð hjá ákærða Þórarni Magnúsi. Viðurkenndi hann að hafa keypt tékkann. Þar sem um brot á starfsreglum Verzlunarbankans var að ræða, að sögn vitnisins, var hann spurður um, hvort hann hefði ekki kannað, hvort næg innstæða væri fyrir tékkanum. Hann sagðist hafa reynt að ná sambandi símleiðis við Alþýðubankann, en það ekki tekist. Ákærði var spurður um, hver Sigurður Björnsson væri. Hann sagðist kannast við hann. Hefði hann keypt af

honum ávísanir nokkrum sinnum áður með lægri fjárhæðum og væri það ástæðan til þess, að hann hefði keypt tékkann, en nánari deili vissi hann ekki á manni þessum. Stóðu þeir starfsmennirnir í þeirri trú, að maður að nafni Sigurður Björnsson væri hinn raunverulegi seljandi tékkans. Höfðu þeir hug á því að reyna að finna hann, en það var útilokað, þar sem ákærði Þórarinn Magnús gat engar nánari upplýsingar gefið um hann. Vitnið kveður tékkann hafa verið afhentan Hafsteini Sigurðssyni, lögfræðingi bankans, til innheimtu, og kveðst það aldrei hafa rætt við ákærða Jón Ólafsson, er gefið hafði tékkann út f. h. Óðinstorgs h/f.

Vitnið kveður ákærða Þórarin Magnús hafa verið í frii frá 23.—28. nóvember 1978 og muni hafa verið um hluta af sumarfríi að ræða.

Ákærða Þórarini Magnúsi var vikið úr starfi að afloknu samtali vitnisins og Björgúlfs við hann framangreint sinn. Aðspurt kveður vitnið það hafa komið fram hjá ákærða í samtalinu við hann, að hann hefði áður unnið hjá Óðinstorgi h/f í frítíma ýmislegt varðandi innflutning, svo sem að sjá um afgreiðslu tollskjala.

Í bréfi Alþýðubankans h/f, dagsettu 13. desember 1979, segir svo:

„Vegna fyrirspurnar yðar skal það staðfest, að síðdegisafgreiðslu innlánsdeilda Alþýðubankans var þannig háttað frá 1. september 1978 til 1. september 1979, að opið var á tímanum kl. 17—18 nema á föstudögum frá kl. 17—18.30.

Aðalféhirðir og afgreiðslustjóri bankans fullyrðir við undirritaðan, að uppgjör taki a. m. k. hálfa klukkustund eftir lokun afgreiðslu og allan þann tíma eigi að vera mögulegt fyrir aðra banka að fá upplýsingar símleiðis um, hvort óhætt væri að kaupa ávísun vegna innistæðu á reikningi þá stundina“.

#### NÍÐURSTÖÐUR.

Með játningu ákærða Jóns Ólafssonar og öðrum gögnum máls þessa er sannað, að hann gaf út framangreindan tékka, sem er að fjárhæð kr. 3.550.000, f. h. Óðinstorgs h/f á reikning fyrir-tækisins nr. 6432 við Alþýðubankann h/f og seldi hann í útibúi Verzlunarbanka Íslands h/f í Umferðarmiðstöðinni, þótt innstæða væri ekki fyrir hendi til greiðslu hans, en reikningnum hafði verið lokað. Þá er og sannað með játningu ákærða, að hann

falsaði nafnið Sigurður Björnsson, sem er tilbúið, sem fram-  
seljanda á tékkann, áður en salan fór fram.

Varðar þetta atferli ákærða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr.  
almennta hegningarlaga nr. 19/1940.

Með framburðum beggja ákærðu er sannað, að ákærði Þórarinn Magnús, sem var gjaldkeri í framangreindri afgreiðslu í Verzlunarbanka Íslands, keypti framangreindan tékka af ákærða Jóni hinn 22. nóvember 1978. Kemur þá til álita, hvort sannað sé, að ákærða Þórarini Magnúsi hafi verið ljóst, er hann keypti tékkann, að hann var innstæðulaus og eins að nafnritunin Sigurður Björnsson var fölsuð.

Ákærði Jón hefur borið fyrir dómi 30. nóvember sl., að svo hafi verið, en breytt þeim framburði sínum hinn 12. desember, svo sem áður greinir. Við mat á sönnun á þessu atriði verður þó upphaflegi framburður ákærða Jóns lagður til grundvallar. Breyting hans á framburðinum verður ekki tekin gild, en hún hlýtur þó að rýra trúverðugleika ákærða. Ekki þykja heldur efni til að taka til greina þá breytingu, sem ákærði Þórarinn Magnús hefur gert fyrir dómi á skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu hinn 7. desember 1978 og staðfesti með nafnritun sinni og áður er greint frá, enda hefur hann ekki rennt marktækum stöðum undir það, að breyting þessi hafi við rök að styðjast. Verður því höfð hliðsjón af skýrslu ákærðu hjá lögreglu við mat á sönnun um þátt ákærða í broti ákærða Jóns.

Af skýrslu ákærða Þórarins Magnúsar hjá lögreglu þykir mega draga þá ályktun, að hann hafi verið í vafa um, hvort innstæða væri fyrir tékkanum, er hann keypti hann af meðákærða, sbr. ummæli hans um, að hann hafi hafnað því í fyrstu, en látið tilleiðast, er meðákærði sagði, að tékkinn væri „pottþéttur“. Ákærði fór með kaupum á tékkanum heldur ekki eftir þeim fyrirmælum, sem honum höfðu verið sett af yfirmönnum hans í Verzlunarbankanum um kaup á tékkum, þ. e. að fullvissa sig áður um, að næg innstæða væri til fyrir þeim í greiðslubanka, og eins að greiða hann út í peningum, sbr. bréf frá bankanum. Er svo að sjá sem ákærði hafi keypt tékkann af greiðasemi við ákærða Jón. Þá er og tortryggilegt, að ákærði setti ekki stimpil bankans með dagsetningu á tékkann um kaup á honum, og kaup á tékkanum fóru fram, þegar bönkum hafði almennt verið lokað. Loks vekja athygli fjármálatengsl þau, er verið höfðu milli ákærðu, sbr. framburð ákærða sjálfs.

Þrátt fyrir það, er nú hefur verið rakið, telst þó ekki gegn

neitun ákærða fram komin alveg næg sönnun fyrir því, að honum hafi verið ljóst, að tékkinn var innstæðulaus, er hann keypti hann, og ber að sýkna hann af ákærinni að því leyti.

Ákærði Þórarinn Magnús kveðst skv. lögregluskýrslu hafa séð nafnritunina Sigurður Björnsson á tékkanum, þegar hann keypti hann, og ákærði Jón hefur skýrt frá því, að meðákærði hafi séð, er hann ritaði nafnið Sigurður Björnsson á tékkann. Varhugavert þykir að telja þrátt fyrir þetta alveg nægilega sannað gegn neitun ákærða Þórarins Magnúsar, að honum hafi verið ljóst, að nafnritunin á tékkanum var fölsuð, þegar kaup á honum fóru fram.

Ákærði Þórarinn Magnús greinir frá því í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu, að meðákærði Jón hafi tekið fram við sig í samtali þeirra daginn eftir að sala tékkans fór fram, eða hinn 23. nóvember, að yrði hann spurður um, hver umræddur Sigurður Björnsson væri, ætti hann að segja, að hann væri framseljandi tékkans, en ekki ákærði Jón sjálfur.

Ákærði Jón hefur og staðfest þetta. Hann hefur og skýrt frá því, svo sem áður greinir, að meðákærði hafi spurt um, þegar sala tékkans fór fram, af hverju hann skrifaði framsalið Sigurður Björnsson á tékkann, en ekki eigið nafn. Þá skýrði ákærði Þórarinn Magnús starfsmönnum Verzlunarbankans, er þeir ræddu við hann, rangt til um nafnið Sigurður Björnsson og sagði, að það væri maður, sem hann kannaðist við, og lögðu þeir þann skilning í þetta, að maður þessi hefði komið í bankaútibúið og átt þar viðskipti. Stóðu starfsmennirnir í þeirri trú, sbr. kær-una til rannsóknarlögreglunnar, að maður með þessu nafni væri hinn raunverulegi framseljandi tékkans. Þá greinir vitnið Árni H. Bjarnason frá því, að ákærði hafi sagt, að hann hefði áður keypt af nefndum Sigurði ávísanir nokkrum sinnum með lægri fjárhæðum og væri það ástæðan til þess, að hann keypti ávísunina. Verður að telja framangreinda háttsemi ákærða nægilega sannaða skv. því, sem nú hefur verið rakið. Veitti ákærði með henni meðákærða liðsinni til að halda við ólögmaetu ástandi, sem skapast hafði fyrir brot meðákærða, sem telja verður sannað, að ákærða hafi verið fullkunnugt um hinn 23. nóvember 1978 eftir samtal ákærðu.

Varðar atferli ákærða Þórarins Magnúsar við 1. mgr. 155. gr., sbr. 4. mgr. 22. gr. og 254. gr., sbr. 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða Jóns þykir hæfilega ákveðin 4 mánaða fang-

elsi, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvörðun um refsingu ákærða Þórarins Magnúsar þykir mega fresta, enda missti hann stöðu sína vegna máls þessa, og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærða Jón ber að dæma til að greiða verjanda sínum, Inga R. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 60.000 í málsvarnarlaun, og ákærða Þórarinn Magnús ber að dæma til að greiða verjanda sínum, Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 60.000 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað ber að dæma ákærðu til að greiða óskipt.

#### Dómsorð:

Ákærði Jón Ólafsson sæti fangelsi í 4 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvörðun um refsingu ákærða Þórarins Magnúsar Eldjárnssonar skal fresta, og verður refsing ekki dæmd, ef ákærði heldur í 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Jón greiði skipuðum verjanda sínum, Inga R. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 60.000 í málsvarnarlaun, og ákærði Þórarinn Magnús greiði skipuðum verjanda sínum, Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 60.000 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.